

**Fundur haldinn í stjórn Hjúkrunar-og dvalarheimilisins  
Nausts föstudaginn 28. maí. 2010 kl. 12:00 á skrifstofu  
Langanesbyggðar.**

**DAGSKRÁ:**

**Mætt voru:** Hrefna Marinósdóttir, Ragnhildur Karlsdóttir, Jóhannes Sigfússon, Aldís Gunnarsdóttir og Gunnólfur Lárusson framkvæmdarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

**1. Ársreikningur 2009**

2009

**Tekjur:**

Vistgjöld ..... 2.595.824  
Fæðissala ..... 0

Tekjur samtals 2.595.824

**Gjöld:**

Laun og launatengd gjöld ..... 65.814.708  
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta ..... 9.201.289  
Matvæli ..... 6.375.556  
Lyf og hjúkrunarvörur ..... 5.283.106  
Leigugjöld, viðhalds- og húsnæðiskostnaður ..... 6.119.880  
Hreinlætisvörur og fatnaður ..... 1.315.253  
Ferða-, flutningskostnaður og akstur ..... 815.299  
Annar rekstrarkostnaður ..... 117.111  
Eignakaup ..... 606.838  
Gjöld samtals 95.649.040  
**Rekstrarhalli fyrir ríkisframlag** (93.053.216)  
Framlag ríkissjóðs, rekstrarframlag .....81.136.114  
Aðrar endurgreiðslur ríkisins ..... 4.379.050  
Ríkisframlag samtals 85.515.164

**(Tekjuhalli) -afgangur** ..... (7.538.052)

Nokkur umræða fór fram um ársreikninginn og ljóst er að draga þarf saman í rekstri til að endar náí saman en stærsti liðurinn er laun og launatengd gjöld en sá liður hefur hækkað um 10 millj. á milli ára sem skýrist af einhverju leiti vegna veikinda og hækunnar á launum. Einnig er áhyggjuefni fækkun vistmanna. Samþykkt að stefna af því að ná launakostnaði niður um 5. millj. árið 2010.  
Ársreikningurinn samþykktur samhljóða

## 2. Skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 17.maí 2010

Stjórnarformaður lagði fram úttektarskýrslu frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

“Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra skoðaði dvalarheimilið Naust þ. 12 maí sl.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

Dúkur í eldhúsi er sprunginn og farinn að bóligna upp. Greinilegt er að etthvað er áfátt við undirlagið. Skera þarf dúkinn burt þar sem hann er skemmdur, laga undirlagið og setja nýjan dúk.

Raki er í útvegg í búri og nauðsynlegt að komast fyrir rakann og mála vegginn. Mikill hiti myndast þarna inni og þarf að huga að betri loftræstingu. Gólf er skemmt og þarf að lagfæra. Þarna inni er gríðar stór hillusamstæða sem nýtist ákaflega illa og skynsamlegt væri að fjarlægja hana og fá betri hillur þar sem t.d. mætti geyma kornmeti sem nú stendur út við útvegginn þar sem rakinn er.

Við ræstiaðstöðu þyrfti að betrubæta aðstöðu fyrir þann sem þvær gólfín. Vaskurinn er of hár og þarf ræstingarstjórinn að lyfta þungri fötu. Það myndi auðvelda störfín að lækka vaskinn eða setja einhverja tengingu á kranana þannig að hægt sé að láta renna í fötu sem stendur á gólfín.

Raki er í útvegg á herbergi 17 og einnig eru sprungur víða fyrir ofan hurðir. Þetta þarf að laga.

Þéttikantar sem settir hafa verið á opnanleg fög eru sumstaðar rifnir af og þarf að skipta út fyrir nýja.

Skipta þarf um klósett niðri á gamla gangi. Einnig að gera við rakaskemmd þar, á vegg fram á ganginn.

Nauðsynlegt er að fara að endurnýja tæki á “skoli”. Dekomat sótthreinsivél er sögð ónýt og Spolomat sótthreinsivélin er biluð, hún tekur ekki við sápunni.

Það eru vinsamleg tilmæli til ykkar að þær úrbætur sem fram á er farið verði gerðar eftir því sem tími vinnst til og þeim lokið á árinu og þær verði gerðar í samráði við forstöðukonu sem metur best í hvaða forgangsröð það verður best gert.

Lagt fram til kynningar.

### **3. Önnur mál.**

Hjúkrunarrými er 13, í nýtingu af þeim eru 11.

Dvalarrými eru 4, í nýtingu er 1.

Dagvistunarrými eru 2, í nýtingu er engin.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.13:10.